

LÖG

um brott nám líffæra og krufningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Brottnám líffæra.

1. gr.

Hver, sem orðinn er 18 ára, getur gefið samþykki til brottnáms líffæris eða lífrænna efna úr eigin líkama til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Lífi og heilsu líffæragjafa má þó aldrei stofna í augljósa hættu með slíkri aðgerð.

Áður en væntanlegur líffæragjafi veitir samþykki sitt skal læknir veita honum upplýsingar um eðli aðgerðar og hugsanlegar afleiðingar hennar. Líffæragjafi skal eiga kost á annarri ráðgjöf en læknis væntanlegs líffæraþega. Læknir skal ganga úr skugga um að væntanlegur líffæragjafi skilji þessar upplýsingar.

Blóðgjöf og notkun blóðs er undanþegin lögum þessum.

2. gr.

Nú liggur fyrir samþykki einstaklings og má þá, að honum látnum, nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

Liggi slíkt samþykki ekki fyrir er heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna.

Með nánasta vandamanni er átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu), börn, ef hinn látni átti ekki maka, foreldra, ef hinn látni var barnlaus, eða systkini, ef foreldrar hins látna eru einnig látinir.

Eftir því sem kostur er skal tilkynna vandamönnum hins látna um andlát hans áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings.

3. gr.

Brottnám líffæra skv. 2. gr. er óheimilt ef kryfja þarf hinn látna réttarkrufningu og brottnámið gæti haft áhvirf á niðurstöður krufningarinnar að mati sömu lækna og staðfesta andlát, sbr. 1. mgr. 4. gr.

4. gr.

Áður en líffæri eða lífræn efni eru numin brott, sbr. 2. gr., skal andlát staðfest af tveimur læknum. Skulu það ekki vera sömu lækna og annast brott nám líffæra.

Á sjúkrahúsum skal halda sérstaka skrá um brott nám líffæra. Í skrána skal rita andlátsstund, dánarorsök, nöfn þeirra lækna sem staðfestu andlát og hvaða viðmiðun var beitt til að staðfesta andlátið.

Læknir, sem annaðist hinn látna síðast fyrir andlátið, má ekki annast brott nám líffæra eða lífrænna efna.

Endurprentað blað.

II. KAFLI

Krufningar.

5. gr.

Nú liggur dánarorsök ekki fyrir svo fullnægjandi sé talið og er þá heimilt að kryfja líkið, enda hafi hinn látni eða nánasti vandamaður, sbr. 3. mgr. 2. gr., samþykkt krufninguna.

Þurfi að afla samþykkis nánasta vandamanns fyrir krufningu skal læknir veita upplýsingar um tilgang og markmið krufningarinnar.

Vandamönnum er heimilt að krefjast krufningar ef í ljós kemur að ekki er af hálfu læknis hins látna fyrirhugað að óska eftir krufningu.

Réttarkrufning er undanþegin lögum þessum.

6. gr.

Krufningu skv. 5. gr. má ekki framkvæma ef læknir hins látna hefur ástæðu til að ætla að réttarkrufningar verði krafist.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um frágang líka að lokinni krufningu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG**um einkaleyfi.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Rétt til að fá einkaleyfi fyrir uppfinningu samkvæmt lögum þessum hefur uppfinningamaður eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Einkaleyfi er veitt eftir umsókn fyrir uppfinningu sem hagnýta má í atvinnulífi. Leyfið veitir einkarétt til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni.

Endurprentað blað.